

Stjórnarfundur Félags hrossabænda haldinn í Bændahöllinni 24. júní 2010 kl. 11:15

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Eyþór Einarsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari og Ólafur Einarsson meðstjórnandi, auk Huldu G. Geirsdóttur framkvæmdastjóra sem ritar fundargerð.

Kristinn setti fund og bauð velkomin **Hannes Petersen**, yfirlækni á háls, nef og eyrnalækningadeild LSH, en hann var gestur fundarins. Hannes kynnti fyrir stjórn hvernig öndunarfærasjúkdómar væru höndlaðir í mönnum í samanburði við hestapestina og fór yfir grunnhópa af veirum ofl. sem tengist málinu. Hannes rakti hvernig sjúkdómar í öndunarfærum eru greindir og hvernig hugsanlega mætti leita að veirum í sýnum af hori, en kerfisbundið þarf að fara í gegnum þessar greiningar. Fundarmönnum fannst fróðlegt að heyra erindi Hannesar og spurðu hann ýmsa spurninga er varða mögulega greiningu og meðhöndlun á öndunarfærasjúkdómu.

Matarhlé

Kristinn fór af fundi til fundar við aðra forystumenn í greininni varðandi LM 2011. Aðrir fundarmenn fóru yfir bréf frá Jens Iversen forseta FEIF um hugsanlega *hagsmunaárekstra LM 2011 og HM* sama ár. Málið rætt ítarlega og stjórnarmenn sammála um að mikilvægt væri að reyna að vinna að lausn málsins í góðri samvinnu við FEIF, en lífsnauðsynlegt væri fyrir atvinnugreinina hrossarækt og tamningar að halda Landsmót 2011. Því næst héldu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri á fund með hagsmunaðilum um sama mál og stöðuna hvað hestapestina varðar.

Stjórnarmenn snéru aftur kl. 17 og var fundi þá framhaldið.

Rætt um *markaðs- og kynningarmál* út frá stöðu greinarinnar. Fundarmenn sammála um nauðsyn þess að halda kynningu íslenska hestsins enn frekar á lofti nú, en fjármagn er af skornum skammti og ekki í sérstaka markaðssjóði að sækja lengur. **Hulda** lagði til að farið yrði í aðgerðir sem ekki þyrftu að kosta mjög mikla peninga, svo sem greinaskrif í erlend Íslandshestatímarit, áframhaldandi kynningu á heimasíðunni og þróun hennar. Einnig væri gott að endurprenta kynningarefni sem er á þrotum s.s. bæklinga FHB, póstkort og hugsanlega gera eitthvað nýtt, s.s. veggspjöld eða annað skemmtilegt efni. Stjórnarmönnum leist vel á og var samþykkt fjármögnun á slíku verkefni.

Kristinn tók að sér að halda áfram að reyna að semja við ráðuneyti um nýtt þróunarframlag til greinarinnar, en nú er meiri þörf fyrir slíkt en nokkru sinni fyrr.

Næst var rætt um *sýningahald kynbótahrossa*. **Kristinn** sagði frá því að nú má afkvemasýna stóðhesta á héraðssýningum, en þeir halda samt sýningarrétti sínum á LM.

Nokkuð var rætt um nýja þröskulda í sýningahaldi og reynslu af vægisbreytingum. Fetið virðist skila sér betur eftir vægisbreytingar, þ.e. einkunnir fyrir fet hækka eftir að vægið var hækkað.

Hulda kynnti erindi frá *Sögusetri íslenska hestsins* sem leitar stuðning vegna opnunar nýs húsnæðis ofl. Stjórnarmenn allir sammála um mikilvægi Sögusetursins og vildu gjarna leggja því lið, en FHB ekki það fjársterkt að það geti veitt beina peningalega styrki til slíkra verkefna. Hins vegar voru stjórnarmenn sammála um að reyna að leggja setrinu lið og senda því efni er varðar sögu félagsins ofl. Samþykkt að skoða þetta mál áfram með opnum huga og styðja við setrið á sem fjölbreyttastan hátt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.

HGG/hgg